



Dagvistunarmál í Langanesbyggð

Netkönnun og samantekt



*Þekkingarnet Þingeyinga
Maí 2011*

*Ábyrgðarmaður
Óli Halldórsson*

*Unnið af:
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir*

*Mynd á forsíðu:
Efst í vinstra horni: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Aðrar myndir teknar á lnb.is/myndasafn*

Efnisyfirlit

Aðferð.....	4
Samantekt.....	5
Bolungarvík.....	5
Dalabyggð.....	5
Vestmannaeyjar.....	6
Ísafjörður.....	6
Akranes.....	6
Hornafjörður.....	6
Grundarfjörður.....	7
Fjallabyggð.....	7
Djúpivogur.....	7
Dalvíkurbyggð.....	7
Fjarðabyggð.....	8
Stykkishólmur.....	8
Grundarfjörður.....	8
Seyðisfjörður.....	9
Vesturbyggð.....	9
Blönduósbaer.....	10
Skagatrönd.....	10
Skútustaðahreppur.....	10
Fljótshérað.....	11
Hveragerði.....	11
Niðurstöður út netkönnun.....	12

Aðferð

Netkönnun var send til allra foreldra sem eru með börn á leikskóla í Langanesbyggð og þá sem eru með börn undir leikskólaaldri (hér inni koma einnig foreldrar í Svalbarðahreppi þar sem börn þaðan sækja leikskóla á Þórshöfn). Svörunin var nokkuð góð og gefur vonandi góða mynd af því sem foreldrar vilja, og hvernig þeirra reynsla af dagvistunarmálum hefur verið. Hér er þó eingöngu horft til barna undir 18 mánaða aldri en ekki spurt um leikskólann. Aðeins um 30% svarenda voru karlmenn, og það skal tekið með í reikninginn að þegar báðir foreldrar svara þá telst barnið tvisvar. Það er því ekki hægt að nota tölu barna nákvæmlega, t.d. hversu mörg börn þurfa dagvistun á næsta ári en allavega hægt að fá smá mynd af því. Þó er ekki erfitt að fá fram fjölda barna undir 18 mánaða aldri í sveitarfélögunum með því að leita í mannfjöldatalningar.

Samantektin er unnin með því að senda pósta á fræðslustjóra eða aðra aðila í minni sveitarfélögum vítt og breitt um landið. Fjölmargir svöruðu og má sá pósta í viðauka. Einnig var leitað eftir upplýsingum á vefsíðum sveitarfélaganna eftir nákvæmum gjaldskráum vegna dagvistunarmála.

Samantekt

Það virðist vera sem mörg sveitarfélög leysi sín dagvistunarmál með því að hafa leikskóla frá eins árs aldri, en eru þá jafnan með gjaldskrá fyrir niðurgreiðslu til foreldra vegna dagforeldra. Þetta er auðvitað ekki tæmandi listi, en hér fyrir neðan eru teknar saman upplýsingar um 20 sveitarfélög sem svöruðu beiðni um upplýsingar. Nánari lýsingar eru í viðauka. Nokkrir tala um að ekki hafi verið eftirspurn eftir dagforeldrum, en þá var leikskólinn oftast frá eins árs aldri. Þá voru einhverjir sem sögðust hafa reynt að fá dagforeldra til starfa en það hefði ekki gengið og því hefði verið gripið til þess ráðs að lækka leikskólaaldur. Niðurgreiðslur til foreldra eru misjafnlega háar, allt frá því að foreldrar borgi sama gjald í leikskóla og til dagforeldra (sem þá eru gjarnan í beinum tengslum við sveitarfélagið) og niður í það að greiða aðeins lítinn brot af kostnaði við að hafa börn hjá sjálfstætt starfandi dagforeldrum. Flest öll sveitarfélögin voru með gjaldskrá um niðurgreiðslu vegna dagforeldra, en nokkrir aðilar sögðu að ekki hefði reynt á það þar sem engin eftirspurn hefði verið eftir því.

Bolungarvík

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi og setja sína eigin gjaldskrá. Miðað er við að börn komist inn tveggja ára á leikskóla en síðustu ár hefur verið hægt að hleypa inn við 18 mánaða aldur.

Niðurgreiðsla á mánuði vegna dagforeldra:

- 17.600 fyrir sambúðarfólk/hjón
- 21.600 einstæða foreldra

Dalabyggð

Niðurgreiðsla á mánuði vegna dagvistunar hjá dagforeldri

Flokkur 1. Hjón eða í sambúð – 37.086

Flokkur 2. Annað foreldri í námi – 40.452

Flokkur 3. Einstætt foreldri eða báðir foreldrar í námi – 43.824

Vestmannaeyjar

Einstæðir foreldrar og foreldrar sem báðir stunda ólánshæft nám fá

niðurgreiðslu á gjöldum dagforeldra kr. 4.040 á mánaðarklukkustund.

Hámarksgreiðsla er kr. 34.340 þ.e. fyrir vistun í átta og hálf klst. á dag.

Foreldrar barna sem orðin eru 18 mánaða og eru á biðlista eftir leikskólaplássi fá niðurgreiðslu að upphæð kr. 3.500 á mánaðarklukkustund. Hámarksgreiðsla er kr. 29.750.

Almennar niðurgreiðslur til giftra/sambúðarfólks

Niðurgreiðsla til dagforeldra.

Gjaldskrá foreldra vegna daggæslu.

Átta klst. vistun kr. 35.000

Átta klst. vistun kr. 47.000

Ísafjörður

Rekur leikskóla frá eins til sex ára

Þeir sem eru með börn hjá dagforeldrum fá niðurgreiðslu - Niðurgreiðslan er 19.744 kr. á mánuði miðað við átta tíma vistun, en 29.472 kr. ef um afsláttargjald er að ræða

Akranes

Niðurgreiðsla til foreldra í sambúð í lok tíunda lífmánaðar barns og til einstæðra foreldra í lok sjöunda lífmánaðar barns.

Þeir foreldrar sem kaupa vistun hjá dagforeldrum í fjórar til átta klukkustundir á dag fá greiðslu sem nemur kr. 5.000.- fyrir hverja klukkustund og getur greiðslan hæst orðið 40.000 krónur á mánuði fyrir átta klst. daglega vistun.

Hornafjörður

Rekur leikskóla frá eins til sex ára.

Niðurgreiðslur á dagvistun - Almennt gjald er 14.000 krónur á mánaðarklukkustundina, eða 1.750 krónur að hámarki fyrir átta klukkustunda vistun á dag. Í þennann flokk falla hjón og sambúðarfólk.

Sérstök niðurgreiðsla er 20.000 krónur á mánaðarklukkustundina, eða 2.500 krónur að hámarki fyrir átta klukkustunda vistun á dag. Í þennann flokk falla einstæðir foreldrar og foreldrar þar sem annað eða bæði eru í námi.

Grundarfjörður

Rekur leikskóla frá eins til sex ára, reyndu dagmæður en fannst rekstrargrundvöllur ekki nógu traustur

Niðurgreiðslur á mánuði:

Vistunartími á dag	Hjón/ sambúð	Einst. for/ for. í námi	Viðbótargr. v/systkina
Átta stundir	21.600	28.000	6.400

Fjallabyggð

Tekur börn frá tveggja til sex ára, en hefur síðustu ár getað tekið inn börn við eins árs aldur og jafnvel niður í tíu mánaða.

Það er til gjaldskrá fyrir dagforeldra en hefur ekki verið notuð þar sem enginn dagforeldri er starfandi, of fá börn til að það hafi borgað sig.

Djúpivogur

Tekur börn frá eins árs á leikskóla (ekki sér deild samt) en kemur ekki að rekstri dagforeldra.

Dalvíkurbyggð

Leikskóla er ætlað að taka börn frá níu mánaða aldri en hefur ekki getað það undanfarin ár vegna fjölgunar barna. Aldursskiptur leikskóli, níu mánaða –

þriggja ára börn saman, eldri börn inni grunnskólanum. Tvær starfandi dagmæður.

Almennt gjald niðurgreiðsla (átta klst).

Leikskóli 22.050 krónur.

Dagforeldri með eins árs leyfi 56.296 krónur.

Dagforeldri með þriggja ára leyfi 58.880 krónur.

Afsláttargjald niðurgreiðsla (átta klst.).

Leikskóli 15.435 krónur.

Dagforeldri með eins árs leyfi 56.296 krónur.

Dagforeldri með þriggja ára leyfi 58.880 krónur.

Fjarðabyggð

Eru reknir leikskólar frá eins árs aldri, nema á Norðfirði þar sem dagforeldrar leysa málin. Foreldrar greiða jafn mikið fyrir vistun á leikskóla og hjá dagforeldri. Dagforeldrar heyra undir félagsþjónustuna og eru aðeins á Norðfirði – ekki hefur verið eftirspurn eftir þeim á öðrum stöðum í sveitarfélaginu. Niðurgreitt fyrir einstæða foreldra frá sex mánaða aldri en hjá hjónum/sambúðarfólki frá níu mánaða aldri.

Stykkishólmur

Rekur leikskóla frá eins árs aldri. Ekki hafa dagmæður fengist til starfa, en einnig hefur börnum fækkað í leikskólanum þannig að hægt er að taka inn fleiri.

Grundarfjörður

Rekur leikskóla frá eins árs aldri

Svarpóstur :

Öll börn frá 12 mánaða aldri fá inni í leikskólanum hjá okkur. Engir dagforeldrar eru starfandi í sveitarfélaginu. Það voru til reglur um niðurgreiðslur til dagmæðra en fjöldi dagmæðra var óstöðugur og ekki

nægur og ekki reyndist traustur grundvöllur fyrir starfi þeirra. Þetta er 900 manna bær og hver árgangur er gjarnan á bilinu sjö-14 börn. Það er því mikill munur á fjölda barna milli ára og ljóst að algert lágmark eru tveir dagforeldrar, helst þyrftu að vera þrír. Það var því í raun neyðarúrræði að taka börnin inn í leikskólann og skólinn gat tekið við þeim. Við stóðum frammi fyrir erfiðri stöðu gagnvart foreldrum, því ekkert dagforeldri var starfandi. Fyrst var gjaldið í leikskólanum 50% hærra en almenna gjaldið fyrir yngstu börnin en það álag var tekið af í fyrra. Núverandi fyrirkomulag er vissulega gott fyrir foreldra en er dýrt fyrir bæinn og erfitt verður að losna út úr þessu því dagforeldrar eru dýrari. Hins vegar held ég að við höfum hreinlega ekki aðra kosti. Reglulega kemur upp sú spurning hvað eigi að gera þegar og ef leikskólinn fyllist. Á að hætta að taka 12 mánaða inn og hvað gera foreldrar þá? Þetta er því ekki einfalt mál.

Seyðisfjörður

Rekur leikskóla frá eins árs aldri.

Vesturbyggð

Svarpóstur:

Hér hafa aldursmörk á leikskóla verið lækkuð í 14 mánuði - var áður 18 mánuðir - til þess að mæta þeirri þörf sem hafði skapast. Okkur hefur gengið ákaflega illa að fá dagmæður til starfa en erum þó með samning við eina. Við greiðum niður dagvistunarpláss hjá dagmóður og er það háð hjúskaparstöðu - greiðslan rennur til dagmóður. Við greiðum ekki niður fyrir minna en fjórar klst. og matarkostnað bera foreldrar sjálfir. Það hefur komið til umræðu að reyna að styrkja dagmæður á föstum grunni þ.e. að sveitarfélagið tryggi greiðslur farið fjöldi barna í dagvistun niðurfyrir ákveðið lágmark t.d. tvö börn en það hefur ekki komið til framkvæmda. Eins hafa verið vangaveltur uppi um

að leggja fram húsnaði ef umsækjandi býr í óheppilegu húsnaði eða fleiri vilja sameinast um reksturinn. Það er nú í skoðun.

Blönduósbaer

Rekur leikskóla frá sex mánaða aldri.

Skagatrönd

Rekur leikskóla frá eins árs aldri, það er til reglugerð um niðurgreiðslu til dagforeldra en hefur ekki verið nýtt þar sem leikskóli hefur svarað eftirspurn

Skútustaðahreppur

Svarpóstur:

Í Skútustaðahreppi eru engir dagforeldrar þrátt fyrir að ítrekað hafi verið reynt. Það var bara enginn tilbúinn til að taka þetta að sér. Ef að svo hefði verið hefði sveitarfélagið að öllum líkindum niðurgreitt það með einhverjum hætti. Vegna þessa var tekið á það ráð að lækka inntökualdur í leikskólinn niður í 12-14 mán (fór aðeins eftir aðstæðum). Við þá breytingu þurfti að endurskipuleggja húsnaðismálin og þar sem að leikskólinn hefur ekki mikið rými til umráða voru tveir elstu árgangarnir fluttir í grunnskólann og ein fóstur með. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðan sl. haust en það kallaði líka á það að við þurftum að ráða í 50% stöðu til viðbótar á leikskólann. Þetta gekk ágætlega en þar sem að börnin í eldri árgöngunum er fá, þá segir það sig sjálft að þegar skólinn var kominn í jólafrí og páskafrí þá hringluðu þau í skólanum. Við sáum ekki fyrir okkur að slíkt gæti gengið í sumar og því er verið að bæta við húsnaði leikslólans þannig að öll börnin geti verið á sama stað. Vona að þetta skýri málið eitthvað.

Fljótsdalshérað

Svarpóstur:

Hjá Fljótsdalshéraði vinnum við eftir þeirri meginreglu að leitast við að tryggja börnum sem orðin eru eins árs 1. september og sótt hefur verið um leikskólavist fyrir pláss í leikskóla í upphafi skólaárs það ár. Kemur ekki að rekstri dagforeldra.

Niðurgreiðsla hjá dagforeldrum:

Upphæð niðurgreiðslu miðast við þann vistunartíma sem foreldrar kaupa í daggæslu, að hámarki áttatíma daglega. Upphæð niðurgreiðslunnar fyrir foreldra sem eru giftir eða í sambúð er kr. 4.837 fyrir dvalarstund á mánuði eða að jafnaði kr. 223,25 fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 38.700. Fyrir foreldra sem eru einstæðir kr. 6.678 fyrir dvalarstund á mánuði eða að jafnaði kr.262 fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 45.420.

Hveragerði

Rekur leikskóla frá 18 mánaða aldri. Kemur ekki að rekstri dagforeldra.

Hjón/sambúðarfólk niðurgreiðslur frá eins árs aldri og þar til barn fer á leikskóla (tveggja ára). Einstætt foreldri niðurgreiðslur frá sex mánaða og þar til barn fer á leikskóla.

Hjón og sambúðarfólk

Greitt niður kr. 2.880 pr mánaðarklukkustund – átta klst 23.000

Einstæðir, báðir foreldrar í námi,

Greitt niður kr. 3.900 pr. Mánaðarklukkustund - átta klst 31.200


Annað foreldri í námi

Greitt niður kr. 3.390 pr. Mánaðarklukkustund - áttaklst 27.120


Niðurstöður út netkönnun

Alls svöruðu 30 manns könnuninni, þar af voru 21 kona og níu karlmenn.


Aldursdreifingin er nokkur en flestir foreldranir eru á bilinu 30-35 ára. Fyrst koma nokkrar myndir sem sýna einfaldar niðurstöður úr spurningunum, síðan er þetta krosskeyrt með kynjabreytinni, þannig að hægt er að sjá mun á svörum karla og kvenna.




Kyn




Hjúskaparstaða




Hvert er fæðingarár barnsins/barnanna (hægt að haka í fleiri en einn möguleika, miðað við fæðingarár)




Hefur skortur á dagvistun (dagforeldri/leikskóli) fyrir börn undir 18 mánaða haft áhrif á möguleika þína til að sækja atvinnu?




Hvenær hefur skortur á dagvistun komið i veg fyrir þátttöku þina á atvinnumarkaði?
(hakið við þau ár sem við á)




Myndir þú nýta þér þjónustu dagforeldris/ungbarnaeildar leikskóla á þessu ári/næsta ef það væri í boði?



Hvora leiðina myndir þú frekar velja fyrir þitt barn/börn undir 18 mánaða aldri




Hvort telur þú vænlegri leið í dagvistunarmálum í Langanesbyggð til framtíðar lítið?




Hér effir koma nokkrar spurningar, með kynjabreytuna í huga.


Hefur skortur á dagvistun (dagforeldri/leikskóli) fyrir börn undir 18 mánaða haft áhrif á möguleika þína til að sækja atvinnu?




Hvenær hefur skortur á dagvistun komið í veg fyrir þátttöku þína á atvinnumarkaði? (hakið við þau ár sem við á)




Myndir þú nýta þér þjónustu dagforeldris/ungbarnaeildar leikskóla á þessu ári/næsta ef það væri í boði?



Hvora leiðina myndir þú frekar velja fyrir þitt barn/börn undir 18 mánaða aldri



Hvort telur þú vænlegri leið í dagvistunarmálum í Langanesbyggð til framtíðar lítið?



Samantekt úr niðurstöðum

Alls svöruðu 21 kona og níu karlar könnuninni. Þar má sjá að nokkuð mörg börn eru fædd árið 2005 og 2010, en sem fyrr segir er ekki hægt að taka töluna nákvæmlega þar sem báðir foreldrar gætu hafa svarað könnuninni. Þegar spurt er hvort skortur á dagvistun barna undir 18 mánaða aldri hafi hindrað þátttöku á atvinnumarkaði segja tæp 37% nei, 30% svara já og að vistun hafi verið fengin á annan hátt, tæp 27% segja að það hafi takmarkað atvinnumöguleika sína og tæp 7% segjast ekki hafa komist út á atvinnumarkað. Það má vekja athygli á því að þeir sem sögu þetta hafa hindað atvinnuþáttöku sína voru karlar, á móti voru einungis konur sem svöruðu því til að þetta hafi takmarkað möguleikana. Alls tólf foreldrar sögðust nýta dagvistunarþjónustu fyrir börn undir 18 mánaða aldri væri það í boði næsta vetur og tveir sögðu kannski í þeirri spurningu. Það er athyglivert að þegar spurt er hvort foreldrar kjósi frekar fyrir sitt barn, dagforeldra en

ungbarnadeild leikskóla þá er meirihluti sem kýs ungbarnadeild eða 60% á móti 14% sem kjósa dagforeldra. Það sama kemur fram þegar spurt er hvort foreldrar telji sam álitlegri kost til framtíðar litið, þá segja rúm 80% að þau telji ungbarnadeild á leikskóla vera vænlegri kost. Inní þetta má að sjálfsöguð nefna að hvorugt hefur verið til staðar í sveitarfélaginu, og þarna er þá verið að áætla um það hvort fólk myndi velja ef það kæmi til en ekki að taka einn núverandi kost fram yfir annan.

Síðasta valmöguleikinn í könnuninni var opin skrifgluggi og þar komu aðeins þrjú svör, þar var þakkað fyrir góða könnun, talað um að ungbarnadeild myndi skapa meiri jöfnuð og samfellu á skólastiginu. Þá kom einnig fram gagnrýni á sveitarfélagið fyrir lélegan aðbúnað að börnum sem eru á leikskólanum og að þar þurfi eitthvað að herða á öryggisreglum, þrifum og almennum skilyrðum til að hægt sé að opna ungbarnadeild. Þá var einnig lýst áhyggjum af núverandi vandamáli sem snýr að auðveldu aðgengi unglinga að leikskólalóðinni og óþrifnaði sem þeir hafa skilið eftir sig.